

Fundur í Rótarýklúbbnum Reykjavík-Miðborg á Nauthóli 1. júlí 2013

Ársskýrsla Jón Ólafs Halldórssonar , fráfarandi forseta

Virðulegi forseti, ágætu Rotaryfélagar og góðir gestir,

Í dag 1.júlí hófst nýtt starfsár Rotaryhreyfingarinnar og því eru stjórnarskiptafundir framundan í flestum klúbbum þessa vikuna. Kristín Guðmundsdóttir hefur formlega tekið við forsetakeðjunni og mun ásamt stjórn sinni leiða starfið þetta starfsár. Ég óska nýrri stjórn allra heilla í starfi og veit að í hana hefur valist einvala fólk sem á eftir að vinna vel fyrir klúbbinn. Þá hefur einnig verið valið í nefndir sem sjá m.a. um að útvega fyrirlesara sem er mjög mikilvægur þáttur í starfinu. Þegar félagar í öllum embættum og nefndum klúbbsins eru taldir reynast nærri helmingur félaga gegna einhverju hlutverki. Í mínum huga skiptir engu máli hversu stórt hlutverkið er því hver hlekkur í keðjunni skiptir máli til að starfið geti verið farsælt.

Þar sem ég hef nú skilað af mér sem forseti klúbbsins er mér bæði ljúft og skylt að flytja ykkur ársskýrslu fráfarandi forseta. Auk mín sátu í stjórninni, Sólveig Baldursdóttir sem ritari, Sævar Freyr Þráinsson gjaldkeri, Þórunn Sveinbjörnsdóttir stallari , Kristín Guðmundsdóttir sem viðtakandi forseti og Hrönn Greipsdóttir sem fráfarandi forseti. Ég færi samstarfsmönnum mínum stjórn bestu þakkir fyrir mjög gott samstarf. Það hefur verið einstaklega gefandi að vinna með þessari stjórn og er ég þakklátur fyrir að hafa kynnst þessu frábæra fólki betur og eignast að vinum. Stjórn hittist reglulega á formlegum stjórnarfundum, sem voru fimm talsins á starfsárinu, auk fjölda óformlegra funda og nefndir klúbbsins funduð misoft.

Á starfsárinu var haldinn 41 fundur og voru erindin af ýmsu tagi. Nú þegar ég lít yfir umfjöllunarefnin finnst mér efnisvalið hafa verið bæði fjölbreytt og spennandi. Sjö fundir voru haldnir utan okkar hefðbundna fundarstaðar hér í Nauthól. Forstjóri Valitor Viðar Þorkelsson og félagi okkar hélt erindi sitt á skrifstofu Valitor, við heimsóttum N1 í boði félaga okkar Árna Stefánssonar sem hélt jafnframt starfsgreinaerindi sitt, við heimsóttum Kauphöllina og hlýddum á félagi okkar Pál Harðason flytja starfsgreinaerindi sitt, Friðrik Þór Snorrason fræddi okkur um starfsemi Reiknistofu Bankanna í starfsgreinaerindi sínu, Ásta

Möller hélt starfsgreinaerindi sitt hér í Nauthól, Guðrún Ragnarsdóttir fræddi okkur um starfsemi Lánasjóðs Íslenskra Námsmanna í starfsgreinaerindi sínu og við fræddumst um starfsemi Actavis í Hafnarfriði. Við heimsóttum einnig Hverfisgalleríð við Hverfisgötu, fórum í göngu um Grjótaborpið og áttum jólastund í hér í Nauthól. Einnig nutum við þess að fara yfir gönguferð sumarsins 2012 í máli og myndum í umsjón Brynjólfs Helgasonar, Árna Stefánssonar og Gunnars Stefánssonar.

Eins og ég áður vék að þá fluttu sex félagar starfsgreinaerindi sitt á árinu og bendi ég nýrri stjórn á að við eigum inni þó nokkuð af erindum bæði frá nýjum félögum og þeim sem skipt hafa um starfsvettvang. Fyrirlesarar sem komu til okkar með erindi á starfsárinu voru 32 og voru þau senn bæði fróðleg og skemmitleg. Einnig var haldinn jólafundur klúbbsins hér í Nauthól, stjórnarskiptafundur og fundur með Umdæmisstjóra. Nokkur þriggja mínútna erindi voru haldin og vonandi fer þeim fjölgandi og mikilvægt í mínum huga að sem flestir féлага taki þátt í fundum og störfum klúbbsins.

Það hefur ávallt verið helsti styrkur Rotary Reykjavík Miðborgar að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá og flyt ég þeim félögum sem sátu í nefndum klúbbsins bestu þakkir fyrir. Dagskráin í vetur var fjölbreytt og sem fyrr þá er það staðreynd að góðir fyrirlesarar tryggja góða mætingu. Svo virðist að klúbburinn okkar sé áhugaverður vettvangur fyrir fyrirlesara og má segja að framboð sé meira en eftirspurn þegar kemur að þeim efnum.

Ferðanefnd skipulagði að vanda sumargöngu klúbbsins sem farin var um helgina á Vatnsnesið og heyri ég á félögum sem fóru í ferðina að hún var vel heppnuð í alla staði.

Sú nefnd sem mæðir jafnan mikið á er klúbbnefnd en í henni sitja fyrrverandi forsetar klúbbsins. Nefndin er ábyrg fyrir félagavali en í vetur voru 4 nýjir félagar teknir inn í klúbbinn, 3 karlar og 1 kona. Einnig heimtum við úr útleið góðan féлага sem hefur vegna starfa sinna utan höfuðborgarinnar undanfarin ár ekki getað sótt fundi hjá okkur, en einn félagi hætti í klúbbnum á starfsárinu. Ég vona að nýju félagarnir séu ánægðir með þá ákvörðun að hafa gengið til liðs við Rotaryhreyfinguna og eigi eftir að njóta þess vel.

Félagar í Rotary Reykjavík Miðborg eru nú 80 og veit ég að ný stjórn hefur sett sem markmið að félagafjöldinn verði 80 í lok næsta starfsárs. Það mun því aðeins hægja á inntöku nýrra féлага enda hafa bæst við 18 nýir félagar á síðustu 3 árum og því mikilvægt að félagar nái nú

að kynnast betur svohópurinn verði sterkari heild. Við teljum einnig að 80 félagar sé mjög heppileg stærð fyrir klúbbinn.

Kynjahlutföllin í klúbbum eru í góðu jafnvægi þó það halli lítið eitt á karlana en þeir eru 39 og konur því 41. Sem fyrr eru það um 5-10 félagar hafa verið óvirkir um langt skeið og þurfum við öll að hvetja þá til að mæta hjá okkur í framtíðinni. Það er mikilvægt að íhuga hvort það sé nægjanlegt að greiða félagsgjald til að vera áfram í Rotary en mæta ekki á fundi. Það kemur fyrir hjá okkur öllum að við gætum þurft að taka okkur hlé frá Rótarý vegna anna í daglegum störfum. Þá kemur það til kasta stjórnar að taka ákvörðum í þeim efnum en lög félagsins gera ráð fyrir því að hægt sé að veita svigrúm frá mætingum séu gildar ástæður fyrir því.

Sjö félagar okkar eru undanþegnir mætingarskyldu en mæta engu að síður vel og reglulega.

Nokkrir félagar starfa einnig í nefndum á vegum Umdæmisins og án þess að nefna þau öll hér þá færi ég þeim bestu þakkir fyrir sitt framlag og það hefur einnig verið einkar ánægjulegt að starfa með Umdæmisstjóra Rotaryhreyfingarinnar, Kristjáni Haraldssyni.

Í starfsáætlun fráfarandi stjórnar var lagt upp með að klúbburinn tæki þátt í samfélagsverkefni af einhverjum toga. Niðurstaðan í því var að klúbburinn hefur styrkt ENZA, Fræðslumiðstöð fyrir konur í Suður Afríku, sem Ruth Gylfadóttir kynnti okkur nú á síðasta ári og veit ég að margir félagar heilluðust af starfinu sem er unnið þar. Erna Bryndís félagi okkar situr í stjórn samtakanna sem ætti að vera góður vitnisburður um það starf sem þarna er unnið. Á fundi klúbbsins þann 10. júní síðastliðinn afhentum við Rut Gylfadóttur og Ernu Bryndísi peningagjöf, 200.000 krónur, sem fer til uppbyggingar á starfi samtakanna. Einnig hefur klúbburinn lagt um 60.000 krónur inn á Rótarý Sjóðinn, merkt Annual Fund, og munum við geta sótt um mótframlag til sjóðsins til að leggja góðu verkefni lið að þremur árum liðnum.

Það er von mín að klúbburinn taki að sér fleiri verkefni sem þessi og þá sérstaklega þeim sem snúa að samfélags- og mannúðarmálum.

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi klúbbsins á síðasta starfsári. Eflaust er eitthvað sem gleymist í þessari umfjöllun eða ætti að vera gert hærra undir höfði. Mig langar rétt í lokin að minnast á vefsíðuna okkar þar sem við höfum í vetur sett inn fréttir og myndir af því helsta í starfinu og vil ég þakka Finni Sveinbjörssyni sérstaklega fyrir hans framlag í þeim efnum.

Um leið og ég flyt ykkur mínar bestu þakkir fyrir það að hafa sýnt mér traust og veitt mér það tækifæri að gegna embætti forseta á síðasta starfsári óska ég nýrri stjórn, og þá sérstaklega Kristínu sem forseta góðs gengis. Við skulum hafa hugfast að klúbburinn okkar er aldrei sterkari en við félagarnir sem myndum hann. Því vil ég hvetja ykkur öll til að huga vel að mætingu á næsta starfsári, og hvernig hver og einn getur gert klúbbstarfið áhugaverðara. Ég er reynslunni ríkari eftir að hafa gegnt starfi forseta á starfsárinu sem nú er að líða. Mér finnst það í raun forréttindi að hafa fengið að þjóna klúbbum og er þakklátur fyrir það tækifæri að fá að kynna ykkur betur, félagar góðir.

Einkunnarorð Rotary hreyfingarinnar í minni forsetatíð hafa verið mér hugleikin, „þjónusta í þágu friðar“ á tímum sem mikil umróts gætir víða í heiminum í dag og með þeim orðum lýk ég flutningi ársskýrslu forseta starfsárið 2012-2013.